

52. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn í Leikskólanum Lundarseli 19. janúar 2015 kl. 20.00

Mættir: Þorberg og Svala.

Umhverfisátak 2014/15

- Ræddum fjárveitingar vegna umhverfisátaks 2014. Vitum ekki betur en allt hafi verið pantað og framkvæmt sem við fórum fram á s.s. ýmsar framkvæmdir við Lundarskóla og keyptir bekkir við jólasveinabrekku.
- Ræddum einnig árið 2015 og ætlum að leggjast yfir að skoða grillaðstöðu sem við höfum mikinn áhuga á að verði að veruleika. Umræðan fór svo í nánasta umhverfi, hvort möguleiki sé á að vera með borð og bekki og fá lýsingu á svæðið. Skoðum það mál. Einnig fengum við ábendingu um svæði í Gerðahverfi sem mætti færa til betri vegar og erum við að skoða það.

Ýmis mál

- Erum ekki alveg sátt við svör sem okkur hafa borist vegna athugasemda sem við sendum inn. Stefnum á að senda aftur inn athugasemdir og minna á lýsingu við stíg ofan Eikarlundar og yfir í jólasveinabrekku. Reyna að fá blikkandi ljós við gangbraut á Dalsbraut sunnan Skógarlundar og skoða með hallann niður að sömu gangbraut vestan megin. Einnig að fylgjast vel með að ljós norðan Skógarlundar á Dalsbraut verði að veruleika og sett á fjárhagsáætlun.
- Höfum aðeins heyrt í íbúum við Grenilund sem kvarta yfir miklum umferðarhraða á Dalsbraut, spurt er hvað er til ráða? Setja upp hraðamyndavél og/eða fara fram á 30 km hámarkshraða?
- Enn er ófrágengið svæði sem tilheyrir Bjarkarlundi 2. Ýmsar vangaveltur um svæðið.

Fundi slitið kl. 21.30
Fundargerð ritaði,
Svala Björnsdóttir